



Reykjavíkurborg

**Stuðningur við verkefni fyrir  
ungmenni í Reykjavík  
- samantekt**





## Efnisyfirlit

1. Inngangur .....	3
2. Upplýsingaflæði .....	3
3. Umsýsla fjármagns .....	3
4. Framkvæmdin .....	4
5. Verklagið – kostir og gallar .....	5
7. Næstu skref.....	6
Viðaukar .....	8
Viðauki 1: Verklag.....	8
Viðauki 2: Drög að umsóknareyðublaði .....	10
Viðauki 3: Drög að eyðublaði fyrir lokaskýrslu.....	11
Viðauki 4: Dæmi um auglýsingar.....	12

## 1. Inngangur

Á fundi Reykjavíkurráðs ungmenna (RRU) með borgarstjórn þann 28. febrúar 2017 var lögð fram tillaga um að skóla- og frístundasvið Reykjavíkur myndi árlega úthluta fjármagni til allra ungmennaráða sem nýttist ungmennum á einn eða annan hátt í viðkomandi hverfi.

Markmið tillögunnar var að valdefla ungmennaráðin og stuðla að því að verkefni sem ungmenni hafa áhuga á að skipuleggja komist til framkvæmda sem allra fyrst í viðkomandi hverfi eða borgarhluta. Eða eins og segir í greinargerð með tillögunni: „Það er mjög mikilvægt fyrir ungmenni að finna að þau geti haft áhrif á nærumhverfi sitt og að þau finni að þeim sé treyst í að framkvæma með hag ungmenna að leiðarljósi“.

Tillögunni var vísað til meðferðar hjá skóla- og frístundasviði (SFS) og á fundi skóla- og frístundaráðs þann 11. október 2017 fylgdi fulltrúi ungmenna henni eftir. Tillagan var samþykkt og henni vísað til fjárhagsáætlunargerðar hjá SFS. Í kjölfarið var gert ráð fyrir fjármagni í fjárhagsáætlun fyrir árið 2018 upp á 3 millj. króna og gert var ráð fyrir sömu upphæð fyrir árið 2019. Jafnframt óskaði SFS eftir því að RRU myndi leggja fram tillögu að nánari útfærslu að verklagi. Tillaga RRU var síðan samþykkt óbreytt fyrir utan smávægilegar orðalagsbreytingar (sjá Viðauki 1) eins og fram kom í minnisblaði sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs frá 17. maí 2018.

## 2. Upplýsingaflæði

Í framhaldi af því að skóla- og frístundaráð samþykkti tillögu RRU varðandi verklag um verkefnið sem hlaut heitið „Stuðningur við verkefni fyrir ungmenni í Reykjavík“ (STUÐ) og áætlað hafði verið fjármagn til verkefnisins var hafist handa við að kynna verkefnið fyrir ungmennaráðunum í borginni. Ungmennaráðin í borginni starfa út október á hverju ári en nýtt RRU-ráð tekur formlega til starfa 1. nóvember ár hvert og því má segja að STUÐ hafi komið inn til ráðanna undir lok viðkomandi starfsárs.

Starfsmaður RRU kynnti verkefnið fyrir deildarstjórum unglingastarfs í frístundamiðstöðvunum, starfsfólki ungmennaráðanna og fulltrúum í RRU haustið 2018. Sömu aðilar fengu sent með tölvupósti verklagið, tillögu að umsóknareyðublaði (sjá Viðauki 2) og tillögu að lokaskýrslu (sjá Viðauki 3) en að sjálfsögðu var hverju ráði heimilt að aðlaga formin eftir sínu höfði og/eða gera sín eigin. STUÐ var reglulega til umræðu á mánaðarlegum fundum starfsfólks ungmennaráðanna haustið 2018 og vorið 2019. Fulltrúar úr RRU voru að sjálfsögðu í lykilstöðu til að fylgja STUÐ eftir í ungmennaráðunum í borginni en ungmennaráð Kjalarness átti reyndar ekki fulltrúa í RRU.

## 3. Umsýsla fjármagns

Ákveðið var að umsýslu fjármagns yrði þannig háttáð að frístundamiðstöðvarnar og Klébergsskóli (fyrir ungmennaráð Kjalarness) hefðu milligöngu um að greiða kostnað vegna samþykkttra STUÐ umsókna. Það er því ekki um að ræða millifærslu á fjármagni til þeirra sem framkvæma viðkomandi verkefni heldur eru ungmennin í samstarfi við frístundamiðstöð/Klébergsskóla varðandi útlagðan kostnað sem er greiddur af

viðkomandi starfsstað. Vegna þessa fyrirkomulags var fjármagn því millifært á kostnaðarstaði unglिंगastarfs frístundamiðstöðvanna og Klébergsskóla í samræmi við þá skiptingu á fjármagni sem RRU lagði til í verklagi fyrir STUÐ.

#### 4. Framkvæmdin

Eitt af markmiðum RRU með verklaginu var að gefa hverju ráði gott svigrúm til að setja sitt mark á verkefnið og því var mikill sveigjanleiki fyrir hendi. Hvert ráð gat þannig t.d. ákveðið að auglýsa og úthluta stuðningi einu sinni eða oftari á ári, hafa ákveðið þema þegar auglýst var eftir umsóknum, styðja ákveðið mörg verkefni o.s.frv. Verklagið bauð þannig upp á mikinn sveigjanleika og krafðist þess að hvert ráð tæki umræður um hvernig haga ætti nánari útfærslu.

Það tók talsverðan tíma fyrir ungmennaráðin að ákveða hvernig þau vildu ramma verkefnið inn og hvaða leiðir væri best að fara til að kynna það fyrir ungmönnum í hverfunum. Flest ráðin fóru þá leið að gera veggspjöld/auglýsingar (sjá Viðauka 4) sem hengdar voru upp í félagsmiðstöðvum, skólum og ýmsum stöðum í hverfunum og einnig birtar á samfélagsmiðlum ráðanna, félagsmiðstöðva, frístundamiðstöðva og ungmennanna sjálfra.

Ungmennaráð Grafarvogs greip til þess ráðs að kaupa auglýsingu í hverfisblaðinu og var auglýsingin með QR-kóða þar sem hægt var að nálgast umsóknarformið. Ungmennaráð Laugardals, Háaleitis og Bústaða ákvað að gera kynningarmyndband um verkefnið til að deila á samfélagsmiðlum en því miður tókst ráðinu ekki að klára það verkefni. Öll ungmennaráðin auglýstu STUÐ á haust- og/eða vorönn 2018-2019 nema ungmennaráð Laugardals, Háaleitis og Bústaða sem ekki náði að útfæra og klára að vinna sína hugmynd um kynningarmyndband.

Ungmennin í hverfunum virtust ekki vera að tengja nægilega vel við auglýsingarnar eða við hugmyndina sjálfa enda um nýjung að ræða. Umsóknir fóru hægt af stað og samtals bárust fjórum af sex ungmennaráðum samtals 11 umsóknir og fengu sex verkefni samþykki fyrir fjármagnsstuðningi – eitt í Grafarvogi, tvö á Kjalarnesi og þrjú í Vesturbæ, Miðborg og Hlíðum. Verkefnin voru fjölbreytt en um var að ræða unglingatónleika, fræðslu um bætta sjálfsmynd, prentun á unglिंगablaði, styrk til feminstafélags til kaupa á efni til að búa til armbönd til endursölu og fjármagn fyrir fræðslu um jafnréttismál og fræðslu um umferðaröryggi. Eftirfarandi þrjú verkefni hafa nú þegar skilað lokaskýrslum:

- 1) Unglingatónleikar: Fjögur ungmenni skipulögðu tónleika sem haldnir voru fyrir unglिंगa í Grafarvogi í maí 2019. Um 200 unglिंगar mættu á tónleikana. „Það var vel mætt og góð stemming allan tímann“ segir í lokaskýrslu.
- 2) Fræðsla um sjálfsmynd: Fjögur ungmenni skipulögðu heimsókn fagfólks sem kom og fjallaði um samfélagsmiðla, samskipti kynjanna og sjálfsmynd fyrir unglिंगa í mars 2019. Boðið var upp á pizzu. Viðburðinn gekk mjög vel og það var „góð mæting“ eins og fram kemur í lokaskýrslu.
- 3) Fræðsla um umferðaröryggi: Fjögur ungmenni fengu Veltiblínn til að koma í heimsókn í skólann sinn m.a. til að fræða unglिंगa um mikilvægi

bílbeltanotkunar í maí 2019. „Þetta gekk allt rosalega vel, allir voru mjög ánægðir“ segir í lokaskýrslu.

Þrjú verkefni eru ennþá í vinnslu og/eða eiga eftir að skila lokaskýrslu:

- 1) Prentun á skólablaði: Samþykkt var að veita styrk svo að hægt væri að prenta skólablað (í stað þess að gefa það einungis út í netútgáfu).
- 2) Armbönd til styrktar góðu málefni: Samþykkt að veita styrk til femínistafélags unglinga til kaupa á efni í armbönd sem seld verða til styrktar góðu málefni.
- 3) Femínistavika: Samþykkt að veita styrk vegna efniskostnaðar í femínistaviku allra femínistafélaga í viðkomandi borgarhluta.

Ungmennaráð	Fjöldi umsókna	Samþ. umsóknir	Fjármagn úthlutað
Árbær og Holt	1	0	0
Breiðholt	0	0	0
Grafarvogur	5	1	350.000 kr.
Kjalarnes	2	2	120.000 kr.
Laugardalur, Bústaðir og Háaleiti	0	0	0
Vesturbær, Miðborg og Hlíðar	3	3	285.000 kr.

## 5. Verklagið – kostir og gallar

Það þótti bæði kostur og galli hversu opið og sveigjanlegt verklagið er en þar eru ákveðnar línur lagðar en jafnframt veitt mikið svigrúm til að móta þær leiðir sem viðkomandi ungmennaráð vill fara varðandi verkefnið. Það var kannski einmitt þess vegna sem að það tók sinn tíma að fara í gegnum verklagið með ungmennaráðunum og ræða þær áherslur sem viðkomandi ráð vildi fara í sínu hverfi. Það þyrfti að ákveða hvað ætti að koma fram í auglýsingum, hvort það ætti að úthluta ákveðnum hluta fjármagsins á hvorri önn (vor- og haustönn), hvort úthluta ætti yfir sumartímann, vinna með ákveðið þema eða hafa þetta alveg opið. Eins þyrfti að ákveða hvort fara ætti í samstarf við félagsmiðstöðvarnar og kynna verkefnið sérstaklega í gegnum starfið þar og/eða inni í grunnskólunum, á að reyna að ná sérstaklega til ungmennahópa sem nú þegar eru að vinna að ákveðnum verkefnum í hverfinu og þá hvernig o.s.frv.

Það kom í ljós i að gefa þurfti STUÐ ákveðinn meðgöngutíma inni í ungmennaráðunum og nota veturinn til að prófa sig áfram og gera tilraunir með t.d. umsóknarformin, afgreiðslu umsókna, fyrirkomulagið á greiðslu reikninga og hvernig best gæti verið að haga kynningarmálum og opna augu ungmenna í hverfinu fyrir þeim möguleika sem felst í því að sækja um þennan stuðning. Mörg ráðanna hefðu þurft að fara fyrr af stað með kynningar og lítil virkni í sumum ráðum varð til þess að mjög hægt gekk að vinna að verkefninu og ramma það inn. Í sumum tilvikum hefði þurft að fylgja auglýsingum og kynningum betur eftir og einhverjum ráðum hefði hentað betur að verklagið væri betur

afmarkað en þetta opna verklag var reyndar líka talinn kostur sem bauð upp á skemmtilega vinnu með ráðunum.

Starfsfólk eins ungmennaráðsins sem vann að þessu verkefni nefndi sérstaklega að það taldi mikinn lærdóm felast í vinnu við STUÐ fyrir viðkomandi ungmennaráð. Unglingahópurinn þar var til dæmis mjög meðvitaður um að allt í tengslum við verkefnið þyrfti að vera einfalt, skýrt og aðgengilegt þannig að allir gætu sótt um. Einnig var mikill áhugi og skilningur á mikilvægi þess að gæta þyrfti hlutleysi þegar farið var yfir umsóknir þar sem umsækjendur væru e.t.v. vinir eða skólafélagar.

Engar sérstakar ábendingar eða tillögur bárust frá ungmennaráðunum um að gera breytingar á verklaginu.

## 7. Næstu skref

Þó að STUÐ verkefnið sé ekki komið á fullan skrið virðast flestir sem að því hafa komið sammála um að það þurfi að gefa sér meiri tíma til að þróa það, sérstaklega þar sem verklagið gerir kröfu um að ráðin leggi talsverða vinnu á sig varðandi útfærslu og kynningu. Slík vinna gefur fjölmörg tækifæri til lærdóms. Það er nokkuð ljóst að það eru kostir og gallar við að hafa verklagið eins opið og það er og það væri gaman að búa til vettvang þar sem öll ungmennaráðin geta tekið umæðu um hvort og þá hvernig ætti að þróa verklagið, t.d. á sameiginlegum starfsdegi að hausti.

Það er mikilvægt að starfsfólk ungmennaráðanna velti fyrir sér hvernig best er að nálgast vinnu við STUÐ með ráðunum og undirbúi vel þá vinnu. Góður undirbúningur eykur líkur á því að áhugi kvikni á verkefninu hjá fulltrúum í ráðinu og að það sé notað sem lærdómsferli fyrir hópinn. Það kom því miður í ljós að starfsfólk var í sumum tilvikum óruggt um hvernig best væri að vinna að þessu verkefni með ráðunum og nauðsynlegt að huga að því hvernig best er að haga undirbúningi áður en ráðin fá verkefnið í hendur.

Varðandi kynningu á verkefninu virðist mikilvægt að vera í mjög góðu samstarfi við starfsfólk félagsmiðstöðva og skóla í viðkomandi hverfi og fá aðgang að þeirra miðlum til að kynna STUÐ fyrir ungmennum. Ýmsar leiðir hafa verið farnar varðandi kynningarmálin en sóknarfæri liggja í því að þróa og prófa nýjar leiðir í því samhengi. Þessum hugmyndum gæti verið gott að miðla á milli ráðanna.

Lykillinn að því að STUÐ nái flugi er að ungmennaráðin séu virk og áhugasöm um verkefnið og þar er starfsfólk auðvitað í mikilvægu hlutverki varðandi það að kveikja áhuga, leita góðra leiða og styðja við vinnuna í ráðunum. Það má þannig segja að grunnurinn liggja í öflugum og virku ungmennaráði og góðum undirbúningi starfsfólks. Það þarf að hafa gott svigrúm til að undirbúa starfið með ráðinu og þá sérstaklega hvernig gott getur verið að nálgast verkefni eins og þetta sem krefst talsverðs vinnuframlags og hugmyndaauðgi hjá þátttakendum.

Það má ekki gleyma því að markmiðið með tillögunni var upphaflega það að auðvelda ungmennum að framkvæma áhugaverð og spennandi verkefni til gagns og gamans fyrir jafnaldra. Slík verkefni hafa oft og tíðum strandað á því að ekki hefur verið aðgengilegt að sækja um að fjármagn auk þess sem það tekur oft langan tíma að fá svör þegar sótt er um styrki. Verið er að leggja áherslu á að valdefla ungmennaráðin og forðast óþarfa

milliliði. Það er ljóst að það markmið næst best ef ungmenni fá tækifæri til að upplifa á eigin skinni verkefni sem hlotið hafa stuðning og uppgötva STUÐ sem tækifæri til að framkvæma það sem annars væri flóknara að framkvæma og yrði oft og tíðum ekki að veruleika nema af því að það er hægt, með einföldum hætti, að sækja um stuðning til ungmennaráðanna. Fordæmin eru að verða til, hægt og bítandi.



## Viðaukar

### Viðauki 1: Verklag

## Stuðningur við verkefni fyrir ungmenni í Reykjavík

### Kynningarmál:

- Ungmennaráð í viðkomandi hverfi auglýsir eftir umsóknum um stuðning við ungmennaverkefni í sínum borgarhluta, s.s. á samfélagsmiðlum, í hverfisblaði, á heimasíðu frístundamiðstöðvar/félagsmiðstöðva.
- Stuðningur er veittur til greiðslu á útlögðum kostnaði vegna viðkomandi verkefna.
- Ungmennaráð ákveður umsóknarfrest og hvort það vill auglýsa aftur ef öllu fjármagni er ekki ráðstafað í fyrstu umferð.

### Umsóknir:

- Ungmenni á aldrinum 13-18 ára sem búsett eru í viðkomandi hverfi geta sótt um stuðning við verkefni fyrir ungmenni.
- Stuðningur eru ekki veittir einstaklingum, eingöngu hópum (fjórir eða fleiri).
- Fylla þarf út rafrænt umsóknareyðublað þar sem fram koma nöfn umsækjenda, nafn á verkefni og stutt lýsing á verkefni, tímaáætlun (þ.e. hvenær á að framkvæma verkefni) og áætlaður kostnaður.
- Útbúið verði einfalt og aðgengilegt rafrænt umsóknareyðublað sem fylla verður út þar sem tilgreind eru þau atriði sem mikilvægt er að komi fram í slíkri umsókn.

### Vinnsla umsókna:

- Umsóknir teknar fyrir á fundi viðkomandi ungmennaráðs og afgreiðsla umsóknar/umsókna skráð í fundargerð – hafa skal í huga hvernig verkefnið kemur ungmennum í hverfinu að gagni eða gleði.
- Umsækjendur upplýstir um afgreiðslu umsóknar.
- Viðkomandi ungmennaráð getur einnig sótt sjálft um stuðning við verkefni en til að gæta hlutleysis er lagt til að Reykjavíkurráð ungmenna taki slíkar umsóknir fyrir (og þá situr fulltrúi úr viðkomandi ungmennaráði hjá) og samþykki eða hafni þeim. Unnið er eftir sömu viðmiðum, þ.e. hvernig verkefnið kemur ungmennum í hverfinu að gagni eða gleði.

### Umsýsla fjármagns:

Fjármagnið fer í gegnum frístundamiðstöðina sem sér um að greiða þá reikninga sem búið er að samþykkja formlega (samkv. fundargerð ungmennaráðs) að greiða samkv. fjárhagsáætlun í umsókn um stuðning.

### Lokaskýrsla:

Skila þarf inn lokaskýrslu til skóla- og frístundasviðs þar sem sagt er frá verkefninu, hvernig gekk og hvernig fjármagni var ráðstafað (má vera mjög stutt).

Útbúið verði einfalt og aðgengilegt rafrænt skýrsluform sem fylla skal út við lok verkefnis.

**Tillaga að upphæð fyrir hvert ungmennaráð – forsendur:**

Heildarupphæð 3 m. kr.

Lágmarksupphæð 250 þús. kr. sem er samtals 1,5 m. kr.

Afgagnum eða 1,5 m. kr. skipt niður hlutfallslega eftir fjölda 13-18 ára (6 árgangar) í hverjum borgarhluta (þeim hverfum sem falla undir hvert ungmennaráð).

<b>Ungm.ráð</b>	<b>Fjöldi 2017</b>	<b>Lágmark</b>	<b>Hlutfall</b>	<b>Heild</b>
VMH	1.839	250.000	332.859	<b>582.859</b>
LHB	1.904	250.000	344.624	<b>594.624</b>
ÁH	1.428	250.000	258.468	<b>508.468</b>
G	1.476	250.000	267.156	<b>517.156</b>
B	1.520	250.000	275.120	<b>525.120</b>
K	80	250.000	14.480	<b>264.480</b>
<b>Samtals</b>	<b>8.247</b>	<b>1.500.000</b>		<b>2.992.707</b>

**Athugið:**

Það er nýtt að vera með slíkan stuðning við verkefni ungmenna og verður þess vegna að líta á þetta sem tilraun og því mikilvægt að fara yfir og uppfæra þetta verklag aftur eftir fyrsta árið í samráði við ungmennaráðin í hverfum borgarinnar og Reykjavíkurráð ungmenna.

## Viðauki 2: Drög að umsóknareyðublaði

### UMSÓKN

### Stuðningur við verkefni fyrir ungmenni í Reykjavíkurborg

Nafn á verkefni:

Nöfn umsækjenda (þurfa að vera fjórir eða fleiri á aldrinum 13-18 ára), heimilisföng, netföng og sími:

Stutt lýsing á verkefni:

Hvenær á að framkvæma verkefnið (dagsetningar)?

Áætlaður kostnaður (sundurliðað):

Skila þarf umsókninni til ungmennaráðs í þínu hverfi, **netfang eða upplýsingar um hvert á skila.**

### Viðauki 3: Drög að eyðublaði fyrir lokaskýrslu

## LOKASKÝRSLA

### Verkefni fyrir ungmenni sem fengu stuðning frá ungmennaráði

Nafn á verkefni:

Nöfn og sími þeirra sem framkvæmdu verkefnið:

Stutt lýsing á því hvernig framkvæmdin gekk – hvað gekk vel og hvað gekk ekki eins vel:

Hvenær var verkefnið framkvæmt (dagsetningar):

Kostnaður við verkefnið - sundurliðaður:

Lokaskýrslu skal skilað til frístundamiðstöðvar í þínu hverfi, **netfang og/eða tengiliður**.

## Viðauki 4: Dæmi um auglýsingar

• UNGMENNARÁÐ VESTURBÆJAR, MIÐBORGAR OG HLÍÐA KYNNIR •

### VERÐUR HUGMYND ÞÍN AÐ VERULEIKA?

UNG MENNARÁÐIÐ HEFUR OPNAÐ FYRIR ÚTHLUTUN STYRKARUMSÓKNA FYRIR VERKEFNI OG GJÖRNINGA SEM SNÚA AÐ UNGLINGUM Í VESTURBÆ, MIÐBORG OG HLÍÐUM

FÁÐU FREKARI UPPLÝSINGAR Í ÞINNI FÉLAGSMÍÐSTÖÐ EDA NÁLGASTU LINK Á INSTAGRAM EDA FACEBOOK

ÁTTU ÞÉR DRAUMUM AÐ HALDA GJÖRNING FYRIR ÞIG OG JAFNALDRADÍNA?

## VERÐUR HUGMYND ÞÍN AÐ VERULEIKA?

UNG MENNARÁÐ VESTURBÆJAR, MIÐBORGAR OG HLÍÐA HEFUR OPNAÐ FYRIR STYRKARUMSÓKNIR FYRIR VERKEFNI OG GJÖRNINGA SEM SNÚA AÐ UNGLINGUM Í VESTURBÆ, MIÐBORG OG HLÍÐUM

### HVERNIG SÆKIR MAÐUR UM?

- Á FEISBÚKK SÍÐU ÞINNAR FÉLAGSMÍÐSTÖÐVAR
- Fyllir út umsóknarskjál
- BÍÐUR SPENNT/UR EFTIR SVARI

## Verður þín hugmynd að veruleika?

Ungmennaráð Breiðholts hefur opnað fyrir styrktarumsóknir fyrir ýmis verkefni sem snúa að ungmennum í Breiðholti

### HVAR SÆKI ÉG UM?

Á facebook síðu Ungmennaráðs Breiðholts





# UNGMENNARÁÐ GRAFARVOGS



## VILLT ÞÚ BÆTA GRAFARVOG?

*EÐA BARA HAFA GAMAN?*

Við í Ungmennaráði Grafarvogs höfum fengið styrk til að gefa ykkur það tækifæri að koma hugmynd ykkar á framfæri að betra samfélagi hér í Grafarvogi.

Það eina sem þið þurfið að gera er að skanna kóðann hér að neðan með myndavélinni í símanum til að komast inn á síðu þar sem þið getið lagt fram umsókn.

HAFÐU ÁHRIF !

